



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík 1. október 2013

Stjórnvaldssektir vegna brota nokkurra einstaklinga gegn 1. mgr. 45. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti

Þann 11. september 2013 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta nokkra einstaklinga vegna brota gegn 1. mgr. 45. gr. laga nr. 108/2007.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að nokkrir einstaklingar, sem tilgreindir voru sem ábyrgðaraðilar fyrir tilteknum verðbréfalýsingum félagsins X á árinu 2008, hefðu brotið gegn 1. mgr. 45. gr. laga nr. 108/2007 þar sem verðbréfalýsingarnar höfðu ekki að geyma upplýsingar um veðsamning, þar sem félagið setti að veði verulegan hluta eignasafns síns. Að mati Fjármálaeftirlitsins voru upplýsingarnar nauðsynlegar fjárfestum til þess að geta metið eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, afkomu og framtíðarhorfur félagsins.

Við ákvörðun sektarfjárhæðarinnar var litið til alvarleika brotsins, tímalengdar og eftir atvikum fjölda tilvika. Litið var til þess að engin víðskipti voru með umrædd verðbréf á tímabilinu og til óverulegra umsvifa félagsins sem útgefanda á verðbréfamarkaði. Einnig var litið til þess að langur tími er liðinn frá því að brotin voru framin.

Einstaklingunum voru gerðar stjórnvaldssektir sem námu fjárhæðum á bilinu 1.000.000 til 2.100.000 kr.